

Endurupptökunefnd
c/o Innanríkisráðuneytið
Skuggasundi 3
101 Reykjavík

Efstaleiti 5
IS 103 Reykjavík
5 400 300
5 400 301

logos@logos.is
www.logos.is

Reykjavík, 15. maí 2015

Efni: Beiðni um endurupptöku hæstaréttarmáls nr. 145/2014

Fyrir hönd Ólafs Ólafssonar, kt. 230157-5619, með lögheimili í Sviss en sem afplánar nú refsingu samkvæmt ofangreindum dómi í fangelsi á Kvíabryggju á Snæfellsnesi, dómfellda í ofangreindu máli, er þess hér með farið á leit við endurupptökunefnd að hæstaréttarmál nr. 145/2014:

Ákærvaldið
gegn
Hreiðari Má Sigurðssyni,
Sigurði Einarssyni,
Ólafi Ólafssyni og
Magnúsi Guðmundssyni

sem dæmt var í Hæstarétti hinn 12. febrúar 2015 verði endurupptekið, hvað hann varðar, og tekið til meðferðar og dómsuppsögu að nýju.

Í framangreindu máli var dómfelldi Ólafur sakfelldur fyrir hlutdeild í markaðsmisnotkun, sbr. a. lið 1. töluliðar og 2. tölulið 1. mgr. 117. gr., sbr. 3. mgr. 147. gr. laga nr. 108/2007 og 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og markaðsmisnotkun, sbr. 3. tölulið 1. mgr. 117. gr. laga nr. 108/2007 og dæmdur til 4 ára og 6 mánaða fangelsisvistar og til að greiða $\frac{3}{4}$ hluta sakarkostnaðar.

Um heimild til þess að verða við beiðni um endurupptöku máls, sem þegar hefur verið dæmt í Hæstarétti, vísast til 215. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála, sbr. 211. gr. laganna.

Rökstuðningur:

Dómfelldi Ólafur telur ljóst að hann hafi verið ranglega sakfelldur eða sakfelldur fyrir mun meira brot en það sem hann átti að hafa framið og að skilyrðum c. liðar 1. mgr. 211. gr., sbr. 215. gr. laga nr. 88/2008 sé fullnægt, þar sem sönnunargögn í málinu hafi verið rangt metin með þeim afleiðingum að það hafði áhrif á niðurstöðu þess.

Almennt um dóminn

Dómur Hæstaréttar í málinu nr. 145/2014 er mjög langur, trúlega lengsti dómur sem Hæstiréttur Íslands hefur kveðið upp í sakamáli. Lengd dómsins má einkum rekja til þeirrar staðreyndar að Hæstiréttur fer þá leið við samningu dóms í málinu að semja

algerlega nýja atvicalýsingu og rekja atvik málsins frá grunni eins og dómendur lesa skjölin, í stað þess að fylgja efnistöfum héraðsdóms eins og þau lágu fyrir í hinum áfrýjaða dómi. Á þeim grunni byggir dómur Hæstaréttar. Dómur Hæstaréttar er af þessum sökum gerólíkur héraðsdóminum. Má það einkum sjá af því að dómur Hæstaréttar byggir einungis að litlu leyti á vægi munnlegra skýrsla sem gefnar voru fyrir héraðsdómi, sem héraðsdómur lagði þó mikla áherslu á. Þannig metur Hæstiréttur hvað teljist sannað í málinu út frá allt öðrum forsendum en héraðsdómur gerði. Verjendum dómfelldu var hins vegar aldrei gefið til kynna annað en að verið væri að takast á við forsendur hins áfrýjaða dóms þegar málið var flutt fyrir Hæstarétti. Þessa staðreynd verður að hafa í huga þegar tekin er ákvörðun um hvort heimila skuli endurupptöku samkvæmt beiðni þessari.

Beiðni þessari fylgja ljósrít af greinargerðum verjenda og ákærvaldsins í hæstaréttarmáli nr. 145/2014 (**fylgiskjöl 1-5**). Greinargerðirnar varpa skýru ljósi á það sem verjendur voru að takast á við í málinu, að gengnum héraðsdómi. Efnistöf Hæstaréttar eru á hinn bóginn með þeim hætti að nýr dómur er saminn, rétt eins og enginn héraðsdómur hafi legið fyrir í málinu og málið því aðeins dæmt á einu dómstigi. Með þessum hætti er réttur manna til að fá héraðsdóm endurskoðaðan á æðra dómstigi í reynd virtur að vettugi.

Endurupptöku er ekki beiðst á þeim grundvelli að Hæstarétti hafi verið óheimilt að byggja upp dóm sinn á þann hátt sem gert var. Ekki er ósennilegt að á það kunni að reyna annars staðar, en heimildin til endurupptöku málsins nær ekki til slíkra röksemda. Hér er hins vegar vakin athygli á þessu vegna þess að við samningu dóms með þeim hætti sem hér var gert er afar mikilvægt að sönnunargögn séu rétt metin og að rétt sé farið með öll atriði sem leidd eru af gögnum máls.

Í málinu nr. 145/2014 hafa Hæstarétti orðið á afar slæm mistök vegna þessa; mistök sem verjendur sakborninga gátu ekki séð fyrir vegna þess að fyrirliggjandi gögn bentu ekki til þess að ekki léki vafi á um hvernig túlka bæri umrædd atriði og að dómendur inntu þá aldrei eftir því hvernig meta skyldi tiltekin atriði í sönnunarfærslunni.

Ummæli Hæstaréttar um símtal frá 17. september 2008 milli EH og BÓ

Í kafla IV (3) í dómi Hæstaréttar fjallar rétturinn um símtal milli vitnanna Eggerts Hilmarssonar („EH“) og Bjarnfreðar Ólafssonar („BÓ“) en endurrit þessa símtals er **fylgiskjal 6** með þessari beiðni. Vitnið EH var framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Kaupthing Bank Luxembourg S.A. og hannaði hann að beiðni dómfellda Magnúsar Guðmundssonar skipurit vegna væntanlegra kaupa Sheikh Mohamed Al Thani („Al Thani“) á 5,01% hlut í Kaupþing banka hf. Vitnið BÓ var starfandi lögmaður og veitti hann Kaupthing Bank Luxembourg S.A. ráðgjöf vegna framangreindra kaupa Al Thani á hlutabréfum í Kaupþingi. Í dóminum er þessu símtali lýst með eftirfarandi hætti, en leturbreytingar eru undirritaðs:

Starfsmaður Kaupthing Bank Luxembourg S.A. sendi þessi síðastnefndu tölvubréf til EH, sem framsendi þau án frekari orða með tölvubréfi 17. september 2008 til BÓ. Stuttu áður hafði EH sent BÓ annað tölvubréf, sem skipurit viðskiptanna fylgdi með. Í málinu liggur fyrir endurrit af hljóðupptöku af símtali milli EH og BÓ, sem eftir upphafsorðum þess fór greinilega fram á sama tíma og EH sendi tölvubréfið með skipuritinu, en hann tók einnig fram að hann hafi reynt að ná í BÓ daginn áður. Fljótlega í samtalinu kvaðst EH óttast að lán, sem hann nefndi „profit participating

lán" og fæli í sér að lánskjörin tækju mið af þróun á verðmæti hluta í Kaupþingi banka hf., kynni að mati skattyfirvalda að fela í sér duldar arðgreiðslur. Hann hafi leitað álits hjá tveimur nafngreindum Íslendingum, sérfróðum á sviði skattaréttar, sem hafi lýst þeirri skoðun að hjá þessu mætti komast með því að hafa lánið í formi skuldabréfs og kjörin í formi vaxta. Hann lýsti því að ef „við lendum í einhverju veseni með þetta, að skattayfirvöld verða nú að þraskallast við eins og oft kemur upp sko ... þá er næsta í rauninni girðing ... hvar getum við sett þá upp félag ... ég viljandi ... setti það hvergi upp ... sagði bara að þeir myndu sko setja þetta inn sem equity inn í félagið en það er útfærsluatriði að þessar 300 milljónir sem þeir koma með saman, 150 og 150, að það geti verið í formi sko eigin fjár og ... hérna hluthafaláns ... til þess að fá vaxtagjöld ... og við tékkuðum á því með Kypur að það gengur alveg ... að koma inn með bara stórt hluthafalán, að það yrði frádráttarbært frá öllum vaxtatekjum." EH vísaði síðan til upplýsinga í tölvubréfi frá endurskoðunarfyrtækinu á Kypur og sagðist þá um leið senda það áfram til BÓ. Sagði þá BÓ að hann væri „aðeins búinn að nefna það við Óla sko að það yrði Kypur félag fyrir ofan, þannig að ... hann veit af slíkum möguleikum". Hann bætti því svo við að það væri „annað sem að þyrfti að tékka sig af líka sko í þessu sko, ég var nú að ræða við ... Óla sko um að ... mér sýndist vera í lagi ... en það var sko, hvort að það væri sko flöggun á honum". Sagði þá EH að þetta væri „næsta atriði af því hann er náttúrulega þarna inni í Eglu og allt það ... þá kom einmitt þetta sko, í mínum huga ókei, náttúrulega uppleggið frá Magga var að segja eitthvað ... hann má ekki flagga, við viljum bara að Qatarinn flaggi og enginn annar, hann er bara einn í þessu sko." Þessu játti BÓ og sagði þá EH að þess vegna yrði þetta að verða í formi láns. Hann bætti því svo við að hann vildi ræða þetta við BÓ „áður en við klárum þetta, því að þeir eru búnir að samþykkja þetta Ólafur og, og [MAT] og þetta er bara go". Lýsti EH eftir þetta að MAT ætti „Q Icelandic" að fullu og hann væri búinn að taka þar stóra fjárfestingu í Alfesca hf., en ef hann tæki „síðan stöðu í bankanum ... og á síðan félagið ... 50% á móti Ólafi ... er eitthvað hætta á að við getum sagt að það eru bein eignatengsl þarna á milli, af því þetta er afkomutengt". Sagði þá BÓ að „það er hætta á því sko ... ég þarf að þræða mig aðeins í gegnum það ... ég sagði bara við Óla að mér sýndist að þetta þarna ... sko hann var þá ekki búinn að ræða, við vorum þá ekki búnir að ræða sko arðgefandi lánið ... að það yrði beint, beint arðgefandi sko, ef það væri alveg skilyrði að það væri arðgefandi sko". Skaut þá EH inn orðunum „já, sem það og er sko, af því að mér skilst að Ólafur náttúrulega á að fá sinn part í kökunni sko". Játti BÓ því og sagði „hann, hann þarf að fá sinn part af, af upside-inu sko." Í framhaldi af þessu ræddu þeir um ýmis atriði varðandi útfærslu á viðskiptunum í tengslum við félög á Kypur og Bresku Jómfrúareyjunum, en um það sagði svo BÓ að þetta væri „útfærsluatriði en grundvallarspurningin er náttúrulega bara fyrst og fremst ... er flöggun þarna eða ekki, sko." Hann bætti því síðar við að þá væri „spurning sko hvernig strúktúrinn hjá honum persónulega er fyrir ofan en það er auðvitað hans mál sko ... ég var ekkert búinn að ræða sko, hann var að spyrja um það hann Óli sko". Eftir þetta tóku við nokkuð langar samræður um skattaleg atriði, en undir lok samtalsins sagðist BÓ „tékka á, á þessu út frá kauphallarmálum" og aðeins síðar sagði EH að það væru þá „þrjú atriði, það er eignarhaldið, flöggunin, síðan númer tvö er, er arðstekjur ... og þrjú er, er skattur á vexti."

Í kafla V (3) í dómi Hæstaréttar fjallar rétturinn nánar um þetta símtal og kemst að þeirri niðurstöðu að það sé *bersýnilegt* að sá „Óli" sem vísað er til í samtalinu hafi verið

dómfelldi Ólafur Ólafsson og að orð BÓ í samtalinu hafi verið reist á samræðum hans við dómfellda Ólaf:

Símtal, sem EH og BÓ áttu 17. september 2008, hefur áður verið rakið í nokkru máli, en af fyrirligjandi gögnum verður séð að EH hafði rétt fyrir það sent BÓ tölvubréf, sem fyrrgreint skipurit fylgdi. Af upphafi samtalsins verður ekki annað ráðið en að þeir hafi á fyrri stigum átt orðaskipti um efnið, sem skipuritið varðaði, þótt gögn liggja ekki að öðru leyti fyrir um það í málinu. Ítrekað kom fram í þessu símtali að BÓ hafi rætt við „Óla“, sem hann kaus að nefna svo og bersýnilega var ákærði Ólafur, um ýmis atriði í tengslum við viðskipti með hlutabréfin. Án tillits til þess hvort BÓ hafi þar tjáð sig sem umboðsmaður ákærða Ólafs, sem ummæli hans benda þó eindregið til, eða aðeins sem viðmælandi ákærða Ólafs í þágu Kaupthing Bank Luxembourg S.A. getur engin skynsamleg ástæða verið til að efast um að orð BÓ í símtalinu hafi verið reist á samræðum hans við ákærða Ólaf. Í símtalinu kom margsinnis fram að álitaefni hafi verið uppi um hvort þátttaka ákærða Ólafs í fjármögnun Q Iceland Holding ehf. til kaupa á hlutabréfum í Kaupþingi banka hf. gæti valdið því að flöggunarskylda eftir ákvæðum IX. kafla laga nr. 108/2007 myndi kvikna og kvaðst BÓ hafa rætt við ákærða Ólaf um það.

Rangt sönnunarmat Hæstaréttar

Gögn málsins sýna að framangreind ályktun Hæstaréttar á ekki við rök að styðjast og að BÓ sé ekki í símtalinu að vísa til dómfellda Ólafs heldur samstarfsmanns síns, Ólafs Arinbjörns Sigurðssonar hdl. Dómfelldi telur bersýnilegt að niðurstaða réttarins um þetta atriði sé röng og byggð á misskilningi, enda í engu samræmi við önnur gögn málsins. Til marks um það vill dómfelldi benda á eftirfarandi atriði:

1. BÓ bar vitni fyrir héraðsdómi þann 5. nóvember 2013 (*fylgiskjal nr. 7*). Fyrir héraðsdómi var BÓ spurður að því hvort að hann hafi rætt upplag viðskiptanna við dómfellda Ólaf. Svar hans var afdráttarlaust „nei“ en endurrit þessa kafla skýrslunnar er svohljóðandi:

ÞJ: Er það rétt skilið hjá mér að vinna þín við þetta verkefni hafi hafist þegar Eggert Hilmarsson, starfsmaður Kaupþings Lúxemborgar, hefur samband við þig?

V: Það er rétt.

ÞJ: Og fer að sýna þér kynningu? **V:** Já, ég fæ þessa kynningu senda í tölvupósti.

ÞJ: Já. Það er kannski rétt að varpa henni bara upp, hún er á bls. 778-782. Þetta efni – þetta efni sem þarna birtist; ræddir þú þetta eitthvað einhvern tímann við Ólaf Ólafsson? **V:** Nei.

Hæstiréttur vísar ekkert að þessum skýrslutökum í umfjöllun sinni um símtalið milli vitnisins og Eggerts Hilmarssonar. Eftir stendur þess vegna að framburði dómfellda Ólafs og Bjarnfreðs Ólafssonar um vinnu hins síðarnefnda við þetta umrædda skipurit og um að dómfelldi Ólafur hafi ekki haft vitneskju um tilvist þess er ekki hnekkt í málinu, en engu að síður leggur Hæstiréttur með allt öðrum hætti út af gögnum í málinu. Ástæða þess getur ekki verið önnur en sú að áður nefnt nafnabrengr hafi villt mönnum sýn.

2. Við yfirheyrslu hjá lögreglu gaf BÓ sama svar (**fylgiskjal 17** (bls. 6966)):

SS: Kannski aðeins að strúktúrnum aftur, kom Ólafur Ólafsson eitthvað að uppsetningu strúktúrsins?

BHÓ: Ekki við mig.

3. Fyrir héraðsdómi spurði saksóknari BÓ jafnframt út í vangaveltur um hvort flagga hefði þurft aðkomu dómfellda Ólafs og hvort að BÓ hefði rætt við einhvern hjá LOGOS um það efni. Í svari BÓ kemur fram að hann hafi rætt þetta við Ólaf Arinbjörn Sigurðsson. Spurði þá saksóknari hver hefði falið honum að kanna það. Svaraði BÓ því þá til að hann hefði verið í samskiptum við EH um það eins og annað. Hann sagði síðan að EH hefði átt frumkvæði að þeirri athugun en að niðurstaðan hefði verið sú að það væri „klárlega ekki flöggunarskylda“ og að í því sambandi hafi verið „farið yfir að það væri hagnaðartengt lán engu að síður“.
4. Í bréfi sínu til endurupptökunefndar (**fylgiskjal nr. 8**) staðfestir BÓ að hann hafi ekki rætt upplegg viðskiptanna við dómfellda en að hann hafi rætt viðskiptin og flöggunarskyldu dómfellda við Ólaf Arinbjörn Sigurðsson:

„Á þeim tíma sem símtalið átti sér stað man undirritaður ekki til þess að hafa verið í neinum samskiptum við ÓÓ vegna umrædds „strúktúrs“. Undirritaður hafði hins vegar leitað til Ólafs Arinbjörns Sigurðssonar (ÓAS), sérfræðings í verðbréfamarkaðsrétti, um álit hans á kaupunum og hvort skylt væri að flagga aðkomu ÓÓ. Var niðurstaðan sú að þess væri ekki þörf.“

5. Ólafur Arinbjörn Sigurðsson bar vitni fyrir héraðsdómi þann 11. nóvember 2013 (**fylgiskjal nr. 9**). Þar var hann beðinn um að lýsa aðkomu sinni að viðskiptunum. Sagði hann að félagi hans BÓ hafi komið „inn á skrifstofu mína og er að ræða sem sagt mögulega tilkynningarskyldu í tengslum við viðskipti sem voru fyrirhuguð.“
6. Vitnið Ólafur Arinbjörn Sigurðsson gaf skýrslu hjá embætti sérstaks saksóknara við rannsókn málsins þar (**fylgiskjal nr. 10**). Þar rekur vitnið samtöl sem það átti við Bjarnfreð Ólafsson hdl. á þeim tíma sem sá síðarnefndi hafði til skoðunar drög að skipuriti um viðskipti Kaupthing Luxembourg S.A við Al Thani um kaup hans á hlutafé í Kaupþingi hf. Vitnið rekur þar samskipti sem það átti við nefndan Bjarnfreð um skipuritið og tekur skýrt fram að þarna voru þeir að fara yfir reglur um flöggunarskyldu vegna hlutabréfaviðskipta.
7. EH bar vitni fyrir héraðsdómi þann 5. nóvember 2013 (**fylgiskjal nr. 11**). Þar spurði saksóknari EH að því hvort starfsmenn Kaupthing Luxembourg S.A. hefðu haft áhyggjur af því að mögulega þyrfti að flagga aðkomu dómfellda Ólafs að þessum viðskiptum. Svaraði EH því játandi. Sagðist EH hafa rætt þetta við LOGOS og „LOGOS gerði athugun innanhúss hjá sér og kom til baka og sagði að það væri ekki með tilliti til þess hvernig strúktúrin væri settur upp“.
8. EH var einnig spurður út í þetta atriði hjá lögreglu við rannsókn málsins. Í skýrslutöku hinn 22. júní 2009 (**fylgiskjal nr. 12**) sagði EH að BÓ hefði „leitað til einhverra ráðgjafa innanhúss, af því hann kom til baka og svaraði mér því að við þyrftum ekki að hafa áhyggjur af þessu máli. Þannig að mig minnir svona að hann hafi nefnt á nafn, hvort það sé rétt hjá mér Ólafur Arinbjarnarson, sem var sérfræðingur á verðbréfamarkaðssviði, eitthvað þannig, minnir eins og hann hafi

nefnt það nafn, hann nefndi allavega einhvern á nafn þarna innan Logos, sem að væri sérfróðari en hann í þessum efnunum og kom svo til baka og sagði að þetta væri clear." Í skýrslutöku hinn 14. október 2011 (*fylgiskjal nr. 13*) var EH spurður út í hver hafi séð um athugun á mögulegri flöggunarskyldu Ólafs innan LOGOS. Svaraði hann því þannig: „Æ ég held ég hafi sagt þetta áður hérna, Ólafur er hann ekki Arinbjarnarson. Mig minnir að Bjarnfreður hafi sagt að hann hafi, hann var sérfræðingur í verðbréfarétti og ég held að það hafi verið rætt.“

9. Í símtali milli BÓ og EH frá 18. september 2008 (*fylgiskjal nr. 14*) kemur skýrt fram að BÓ vísar til Ólafs Arinbjörns sem „Óla“ og að BÓ hafi leitað til hans vegna málsins. Í símtalinu halda þeir BÓ og EH áfram að ræða um mögulega flöggunarskyldu dómfellda Ólafs vegna aðkomu hans að umræddum viðskiptum. Í því símtali segir BÓ meðal annars, eftir að hafa spurt EH betur út í nokkur atriði, að hann og „Óli Arinbjörn“ væru á því að ekki væri þörf á að flagga aðkomu dómfellda Ólafs, en hins vegar gæti „Kauphöllin og FME haft aðra skoðun á málinu“ en miðað við það sem „Óli“ segði þá væri það „bara þannig“ og að þá þyrfti „bara að taka á því þá“.
10. Í umfangsmiklum gögnum málsins er hvergi að finna gögn sem gefa til kynna að BÓ hafi verið í beinum samskiptum við dómfellda um upplegg viðskiptanna eða mögulega flöggunarskyldu hans. Samskipti hans við EH gefa þvert á móti hið gagnstæða til kynna:
 - Í símtalinu frá 17. september 2008 (*fylgiskjal nr. 6*) segir EH við BÓ að hann „vildi ræða það nánar við þig sko áður en við klárum þetta, því að þeir eru búnir að samþykkja þetta Ólafur og, og Sheikh Mohamed og þetta er bara go“. Ekki verður séð hvers vegna EH ætti að þurfa að upplýsa BÓ um þetta ef BÓ var í beinu sambandi við dómfellda Ólaf um þetta mál.
 - Í fyrrnefndu símtali frá 18. september 2008 (*fylgiskjal nr. 14*) spyr EH hvort BÓ geti talað „við einhvern skattmann út af Ólafi eða varðandi hans lán“ en þá spyr BÓ EH hvort að hann gæti „hlerað hvar hans lán yrði“. Ekki verður séð hvers vegna BÓ ætti að biðja EH um að athuga þetta ef hann var sjálfur í samskiptum við dómfellda Ólaf.

Til frekari rökstuðnings og skýringar skal síðan bent á eftirfarandi atriði:

A. Í umræddu símtali er verið að ræða mögulega tilkynningarskyldu (flöggun) vegna aðkomu dómfellda Ólafs að kaupunum. Af framangreindum gögnum og framburðum má sjá að BÓ leitaði álits Ólafs Arinbjörns á fyrrnefndum kaupum Al Thani um þau atriði sem símtalið fjallar um.

1. Í símtalinu frá 17. september 2008 vísar BÓ til „Óla“ í eftirfarandi tilvikum:
 - Vegna möguleika á að hafa „Kýpur félag fyrir ofan“;
 - vegna mögulegra eignatengsla í tengslum við arðgefandi lán; og
 - vegna uppsetningar „strúktúrins ... fyrir ofan“.

Allt eru þetta atriði sem snúa að væntanlegu eignarhaldi og mögulegum hagnaði af hinum keyptu hlutabréfum og hefðu því átt að koma til umræðu í tengslum við mögulega flöggunarskyldu dómfellda Ólafs. Þetta eru því atriði sem varða sérsvið

Ólafs Arinbjörns. Af upphafi símtalsins verður ekki annað ráðið en að þeir BÓ og EH hafi áður rætt saman um sama efni, líkt og Hæstiréttur bendir á í dómi sínum. Athygli vekur að það er BÓ sem bendir EH á mögulega flöggunarskyldu dómfellda Ólafs, og EH tekur síðan undir þann möguleika. Voru þeir síðan báðir sammála um að grundvallarspurningin væri hvort að það væri „flöggun þarna eða ekki“. Af símtalinu má svo ráða að BÓ hafði áður rætt þessa mögulegu flöggunarskyldu við samstarfsfélagi sinn Ólaf Arinbjörn, „Óla“, en þetta var eitthvað sem þeir ræddu „á einni mínútu“, líkt og segir í símtalinu, þ.e. mjög stuttlega en ekki til fullnaðar. BÓ var til dæmis ekki búinn að ræða „arðgefandi lánið“ við „Óla“. Með öðrum orðum hafði BÓ þegar áttað sig á mögulegri flöggunarskyldu dómfellda Ólafs áður en símtalið átti sér stað og rætt þann möguleika stuttlega við samstarfsfélagi sinn, Ólaf Arinbjörn. Í lok símtalsins segist BÓ síðan ætla að „tækka á ... þessu út frá kauphallarmálum“. Í framhaldinu ræddu þeir BÓ og Ólafur Arinbjörn nánar um mögulega flöggunarskyldu m.v. hugmyndir EH um hvernig skipuritið myndi líta út, en þær hafði BÓ fengið sendar í tölvupósti 17. september 2008 (*fylgiskjal 15*). Komust þeir að þeirri niðurstöðu að aðkoma dómfellda m.v. við þær forsendur sem þar kæmi fram væri ekki slík að henni bæri að flagga, líkt og fram kemur í símtali BÓ og EH frá 18. september 2008 (*fylgiskjal 14*). Að lokum má síðan benda á að í símtalinu frá 17. september 2008 vísar EH ávallt til dómfellda Ólafs sem „Ólafs“ en ekki „Óla“.

B. Samkvæmt fyrrgreindum framburði BÓ var hann ekki í neinum samskiptum við dómfellda Ólaf á þessum tíma. Eftirfarandi framburðir og gögn málsins sýna einnig að hann kom að málinu að beiðni Kaupthing Bank Luxembourg S.A. en ekki dómfellda Ólafs.

1. Í málinu lágu fyrir afrit reikninga frá LOGOS lögmannsþjónustu vegna vinnu BÓ í málinu. Þeir voru gefnir út á Kaupthing Bank Luxembourg, ekki dómfellda Ólaf (*fylgiskjal nr. 16*). Staðfesti BÓ fyrir dómi að þessir reikningar voru vegna vinnu hans í samskiptum við EH (*fylgiskjal nr. 7*).
2. Hjá lögreglu var BÓ spurður að því fyrir hvern hann hefði verið að vinna. Svaraði hann ætíð að hann hafi verið að vinna fyrir Kaupthing Bank Luxembourg (*fylgiskjöl nr. 17 og 18*).

Með vísan til framangreindra gagna, sem lágu fyrir í málinu, verður að telja nægilega leitt í ljós að BÓ hafi í símtalinu frá 17. september 2008 ekki verið að vísa til dómfellda Ólafs heldur samstarfsfélaga síns, Ólafs Arinbjörns. Jafnvel þótt ekki verði á það fallist verður í það minnsta að telja að verulegur vafi sé uppi um þetta atriði, auk þess sem það hafi þá verið rangtúlkað ef höfð er hliðsjón af öðrum ummælum í sama símtali. Við ákvörðun um hvort heimila eigi endurupptöku verður að hafa hugfast að við úrlausn málsins bar Hæstarétti að túlka þennan vafa dómfellda Ólafi í hag, sbr. 108. gr. laga nr. 88/2008. Þer dómur Hæstaréttar þess ekki merki. Miðað við forsendur og ummæli Hæstaréttar virðist rétturinn þvert á móti ekki hafa gert sér grein fyrir þessum möguleika við úrlausn málsins. Sem dæmi má nefna að hvergi í dómi Hæstaréttar er vikið að framangreindum vitnisburði BÓ fyrir dómi. Virðist rétturinn ekki gera sér grein fyrir að niðurstaða réttarins um þetta atriði sé í beinni andstöðu við vitnisburð BÓ fyrir dómi, sbr. ummæli réttarins í kafla VII., þar sem m.a. var verið að vísa til vitnisburðar hans: „Að gefnu þessu tilefni skal svo bent á að í dómi þessum hefur ekkert reynt á atriði, sem varða sönnunargildi skýrslna þessara fjögurra vitna fyrir dómi.“

Hvorki ákærvaldið né Héraðsdómur Reykjavíkur drógu sömu ályktanir af framangreindu símtali frá 17. september 2008 og Hæstiréttur. Raunar kom aldrei til sérstakrar umræðu undir rekstri málsins fyrir héraðsdómi eða Hæstarétti sá möguleiki að í símtalinu væri BÓ að vísa til dómfellda Ólafs. Kann að skýra það afdráttarlaus framburður Bjarnfreðs sem vísað var til að ofan. Fyrsta skiptið sem þessu var haldið fram var í dómi Hæstaréttar og gafst dómfelldu því ekki tækifæri til að gera við þetta nokkrar athugasemdir, en verjendur voru ekki spurðir út í þetta atriði við munnlegan flutning málsins í Hæstarétti, líkt og áður hefur verið nefnt.

Að lokum verður að benda á að jafnvel þótt unnt væri að telja sannað að „Óli“ í símtalinu frá 17. september 2008 hefði verið dómfelldi Ólafur, sem raunar eru engin rök til, þá lítur Hæstiréttur alfarið fram hjá því að í símtalinu kemur skýrt fram að „Óli“ vissi ekki af hinu meinta arðgefandi láni en þar segir BÓ orðrétt:

„Ég þarf að þræða mig aðeins í gegnum það, ég þarna, mér sýndist... ég sagði bara við Óla að mér sýndist að þetta þarna... sko hann var þá ekki búinn að ræða, við vorum þá ekki búnir að ræða sko arðgefandi lánið...“

Engin gögn liggja svo fyrir í málinu sem benda til þess að BÓ hafi rætt hið meinta lán við dómfellda á síðari stigum. Eins og sjá má af rökstuðningi Hæstaréttar hér að neðan virðist Hæstiréttur hins vegar líta alfarið fram hjá þessu atriði en dómurinn byggir á því fullum fetum að dómfellda hafi verið kunnugt um að hann hafi átt að njóta hagnaðar af viðskiptunum til jafns við Al Thani.

Af þessum sökum telur dómfelldi Ólafur að fullnægt sé því skilyrði c. liðar 1. mgr. 211. gr. sml. um að verulegar líkur séu leiddar að því að sönnunargögn sem færð voru fram í máli hafi verið rangt metin.

Áhrif hins ranga sönnunarmats Hæstaréttar á niðurstöðu málsins

Um vörn dómfellda Ólafs segir svo í dómi í Hæstaréttar:

„Kvaðst ákærði Ólafur þá einnig hafa samþykkt tillögu ákærða Hreiðars um að félag í eigu ákærða Ólafs myndi „fjármagna helming kaupanna til skamms tíma“, en með því hafi tekist að tryggja að MAT bæri aðeins ábyrgð á helmingnum af kaupverði hlutanna. Innan 90 daga hafi svo átt að koma lánsviðskiptum MAT við bankann af þessu tilefni í endanlegan búning, meðal annars með veði fyrir skuld hans, en þáttur ákærða í þeim hafi þannig aðeins átt að standa til skamms tíma. Þessir ákærðu sögðu báðir fyrir dómi að ákærða Ólafi hafi í raun ekki verið ætlað að eiga hlut að hlutabréfakaupunum, bera af þeim áhættu eða njóta hagnaðar.“

Á grunni þeirrar röngu forsendu að BÓ hafi í símtalinu verið að vísa til dómfellda Ólafs, komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að það væri

„á þessum grunni hafið yfir skynsamlegan vafa að frá öndverðu hafi verið gengið út frá því að í viðskiptunum um hlutabréfin yrði mynduð leið til að láta ákærða Ólaf njóta til jafns við MAT hugsanlegs arðs af hlutunum, sem félag í einkaeign þess síðarnefnda myndi kaupa í Kaupþingi banka hf. með lánsfé sem að uppruna stafaði frá þeim báðum.“

Síðar í sama kafla dómsins segir svo:

Á þeirri mynd, sem viðskiptin tóku í raun á sig, getur engin önnur skýring verið en sú að með henni hafi átt að dylja að ákærði Ólafur stæði að baki þeim að helmingi, bæði að því er varðar fjárframlög til þeirra og væntinga um arð af þeim. Getur engum vafa valdið að ákærða Ólafi hafi verið þetta kunnugt.

Það að réttinum þyki sannað að dómfelldi Ólafur hafi frá upphafi átt að njóta hagnaðar í viðskiptunum og að honum hafi verið kunnugt um það hefur síðan bein og afgerandi áhrif á þá niðurstöðu Hæstaréttar að sakfella dómfellda vegna markaðsmisnotkunar en í niðurstöðukafla dómsins kemur fram að það leiði til þess að dómfelldi hafi verið raunverulegur kaupandi að helmingi þeirra hlutabréfa sem seld voru í Kaupþingi:

Hér áður hefur í einstökum atriðum verið lýst bakgrunni kaupa Q Iceland Finance ehf. á 5,01% hlutabréfa í Kaupþingi banka hf. eins og hann blasir við í framlögðum skjölum í málinu. Þótt félag þetta, sem gegnum annað einkahlutafélag var í fullri eigu MAT, hafi keypt þessi hlutabréf bjó þar í raun að baki að félag í fullri eigu ákærða Ólafs lagði þessu félagi til gegnum millilið helming kaupverðsins og er eins og áður hefur verið rökstutt hafið yfir skynsamlegan vafa að félag ákærða Ólafs hafi einnig átt að njóta helmings hugsanlegs arðs, sem þessi kaup hefðu leitt af sér. Í þessu tilliti var félag ákærða Ólafs í reynd eins sett fjárhagslega og hefði það berum orðum verið kaupandi að helmingi þessara hlutabréfa, en Q Iceland Finance ehf. aðeins kaupandi að hinum helmingnum. Í málinu liggur ekkert fyrir um hvort að baki þessu öllu hafi verið frekari samningar um hvernig fara hefði átt með atkvæðisrétt og önnur réttindi á grundvelli hlutabréfanna, en það getur ekki breytt því meginatriði að leggja verður til grundvallar að MAT hafi aðeins staðið að kaupum á helmingi þeirra.

Með hliðsjón af framangreindu telur dómfelldi Ólafur ljóst að sakfelling hans í málinu hvíli á röngu mati Hæstaréttar á þeim sönnunargögnum sem færð voru fram í málinu. Þegar ofangreindur rökstuðningur Hæstaréttar er lesinn sést glögglega að sú ranga ályktun sem Hæstiréttur dregur af símtalinu frá 17. september 2008 gegnir algjöru lykilhlutverki í rökstuðningi réttarins fyrir sakfellingu dómfellda Ólafs. Á þeim grundvelli að símtalið bæri með sér að orð BÓ í símtalinu hafi verið reist á samræðum hans við dómfellda Ólaf, taldi Hæstiréttur sannað að dómfelldi hafi átt að njóta hagnaðar af hlutabréfakaupunum og að dómfellda Ólafi hafi verið sú fyrirætlan kunn. Á þeirri staðreynd, einni og sér, byggði síðan sú niðurstaða réttarins að dómfelldi hefði í raun staðið að baki kaupum á helmingi hlutabréfanna, en Al Thani einungis að helmingi. Miðað við rökstuðning Hæstaréttar er alls óvíst að rétturinn hefði komist að sömu niðurstöðu um sakfellingu dómfellda ef ekki hefði komið til misskilningur réttarins á því til hvaða „Óla“ BÓ var að vísa í símtalinu frá 17. september 2008. Þannig höfðu þessi mistök Hæstaréttar bein og augljós áhrif á niðurstöðu málsins.

Jafnvel þótt ekki yrði talið að þessi mistök Hæstaréttar hefðu stuðlað að rangri sakfellingu dómfellda má telja augljóst að þau hafi haft þau áhrif við ákvörðun refsingar að refsing hans hafi orðið mun þyngri en ella hefði orðið, vegna mats réttarins á aðkomu hans að málinu. Sést það vel þegar borin eru saman viðurlög hans annars vegar og dómfelldu Magnúsar og Sigurðar hins vegar. Dómfelldi Ólafur var sakfelldur vegna tveggja ákæruliða en hinir tveir samkvæmt þremur ákæruliðum.

Af þessum sökum er bersýnilega fullnægt því skilyrði c. liðar 1. mgr. 211. gr. að rangt sönnunarmat hafi haft áhrif á niðurstöðu málsins.

Dómfelldi Ólafur telur samkvæmt framangreindu að lagaskilyrði séu til þess að endurupptaka meðferð hæstaréttarmálsins nr. 145/2014, að því er hann varðar, og er þess fullviss að endurskoðun á þessum þætti muni leiða til þess að hann verði alfarið sýknaður af kröfum ákærvaldsins eða að minnsta kosti að refsing hans verði milduð verulega.

Fylgigögn:

Eftirtalin gögn fylgja beiðni þessari:

1. Greinargerð Ólafs Ólafssonar til Hæstaréttar
2. Greinargerð Hreiðars Más Sigurðssonar til Hæstaréttar
3. Greinargerð Sigurðar Einarssonar til Hæstaréttar
4. Greinargerð Magnúsar Guðmundssonar til Hæstaréttar
5. Greinargerð ákærvaldsins til Hæstaréttar
6. Endurrit símtals, dags. 17. september 2008
7. Skýrsla Bjarnfreðs Ólafssonar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur
8. Bréf Bjarnfreðs Ólafssonar til endurupptökunefndar, dags. 26. mars 2015
9. Skýrsla Ólafs Arinbjarnar Sigurðssonar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur
10. Endurrit skýrslu Ólafs Arinbjarnar Sigurðssonar hjá embætti sérstaks saksóknara, dags. 31. október 2011
11. Skýrsla Eggerts Hilmarssonar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur
12. Endurrit skýrslu Eggerts Hilmarssonar hjá embætti sérstaks saksóknara, dags. 22. júní 2009
13. Endurrit skýrslu Eggerts Hilmarssonar hjá embætti sérstaks saksóknara, dags. 14. október 2011
14. Endurrit símtals, dags. 18. september 2008
15. Tölvubréf frá Eggerti Hilmarssyni til Bjarnfreðs Ólafssonar, dags. 17. september 2008, ásamt fylgiskjali
16. Tölvubréf frá Bjarnfreði Ólafssyni til Birgis Jónassonar, starfsmanns embættis sérstaks saksóknara, dags. 7. nóvember 2011, ásamt fylgiskjölum
17. Endurrit skýrslu Bjarnfreðs Ólafssonar hjá embætti sérstaks saksóknara, dags. 14. október 2011
18. Endurrit skýrslu Bjarnfreðs Ólafssonar hjá embætti sérstaks saksóknara, dags. 3. nóvember 2011
19. Frétt Viðskiptablaðsins, dags. 22. apríl 2015

Sé frekari gagna þörf er þess óskað að haft verði samband við undirritaðan.

Annað:

Undirritaður óskar eftir því, f.h. dómfellda Ólafs, að hann verði skipaður lögmaður hans til að gæta réttar hans vegna beiðni þessarar, sbr. 1. mgr. 213. gr. laga nr. 88/2008.

Þess er óskað að undirritaður og eftir atvikum fulltrúi ákærvaldsins verði boðaðir til fundar með nefndarmönnum þar sem fjallað verði um hæfi einstakra nefndarmanna til að taka þátt í meðferð beiðninnar, sbr. frétt Viðskiptablaðsins frá 22. apríl sl. (**fylgiskjal nr. 19**).

Undirritaður óskar eftir því að fá send til umsagnar öll gögn sem nefndin kann að afla eða fá send frá öðrum aðilum við meðferð þessa máls.

Undirritaður óskar sömuleiðis eftir því að nefndin gefi aðilum kost á því að tjá sig munnlega um beiðnina, sbr. 4. mgr. 213. gr. laga nr. 88/2008, áður en ákvörðun verður tekin um niðurstöðu í málinu.

Að lokum óskar undirritaður eftir því að beiðni þessi fresti réttaráhrifum dóms Hæstaréttar, hvað varðar dómfellda Ólaf, á meðan meðferð hennar stendur, sbr. 2. mgr. 213. gr. laga nr. 88/2008, en eins og áður er nefnt afplánar Ólafur nú refsinguna í fangelsi.

Virðingarfyllst,
f.h. Ólafs Ólafssonar,



Þórólfur Jónsson, hdl.